

ÁRSSKÝRSLA 2010

EFNISYFIRLIT

Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	4
Áritun óháðs endurskoðanda	28
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	29
Efnahagsreikningur	30
Sjóðstreymisyfirlit	31
Skýringar	32
• Sérgreint yfirlit um rekstur og efnahag séreignarsjóðs árið 2010	43
• Sérgreint yfirlit um rekstur og efnahag samtryggingarsjóðs árið 2010	50
Fylgiskjal:	
Útdráttur úr fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2011	56

Skýrsla stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins

Samantekt

Eignir aukast og sjóðfélögum fjölgaðar ...

Heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins voru 98,7 milljarðar í árslok 2010 og stækkaði sjóðurinn um 7,3 milljarða. Sjóðfélagar í árslok voru 32.435 og fjölgaði um 735 á árinu.

... en iðgjöld voru svipuð milli ára
Iðgjöld til sjóðsins voru samtals 7,4 milljarðar og lækkuðu um 3% frá fyrra ári. Iðgjöldin skiptust í lágmarksiðgjöld 4,6 milljarðar og viðbótariðgjöld 2,8 milljarðar.

Lág verðbólga og lækkandi vextir innanlands ...

Innlánsvextir og ávöxtunarkrafa á ríkistryggðum skuldabréfum lækkuðu töluvert á árinu 2010. Verðbólga ársins var 2,6%.

... erlend verðbréf hækkuðu en krónan styrktist
Erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu á árinu en vegna styrkingar krónunnar hækkuðu erlend hlutabréf í krónum lítið.

Ríkissöfn hækkuðu mest ...

Ríkissöfn Almenna lífeyrissjóðsins skiluðu bestu ávöxtuninni árið 2010. Ríkissafn langt hækkaði um 11,5% og Ríkissafn stutt um 9,5%. Innlánasafnið og Ævisafn IV hækkuðu um 6,4% og 5,8%.

... blönduð söfn hækkuðu minnst
Blönduð verðbréfasöfn liðu fyrir að erlend verðbréf hækkuðu lítið vegna styrkingar krónunnar. Ævisafn I hækkaði um 4,6%, Ævisafn II um 4,7%, Ævisafn III hækkaði um 3,8% og samtryggingarsjóður um 4,1%.

Helmingur skuldabréfa eru ríkisskuldabréf ...

Ríkistryggð skuldabréf hafa aukist í ævisöfnunum og samtryggingarsjóði og eru um helmingur innlendra skuldabréfa ríkisskuldabréf. Meirihluti skuldabréfanna er með föstum vöxtum og er meðalávöxtun þeirra í heild töluvert hærri en Innlánasafns og ríkissafna.

... erlend hlutabréf eru nokkuð frá stefnu
Hlutabréf vega minna af eignum en stefnt er að samkvæmt fjárfestingarstefnu. Vegna gjalddeyrishafta getur sjóðurinn ekki keypt erlend verðbréf. Erlend hlutabréf eru uppistaðan í hlutabréfum sjóðsins þar sem ekki er hægt að ná góðri áhættudreifingu á innlendum hlutabréfamarkaði.

Tryggingafræðileg staða batnar

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs batnaði milli ára. Í lok ársins voru heildarskuldbindingar 5,4% umfram heildareignir (núverandi eignir að viðbættu núvirði framtíðariðgjalda).

... frá 1998 hafa réttindi hækkað umfram verðlag
Þrátt fyrir lækun lífeyrisréttinda á síðustu tveimur árum hækkuðu lífeyrisréttindi sjóðfélaga að meðaltali um 147% á tímabilinu 1998-2010 en á sama tíma hækkaði vísitala launa um 128% og vísitala verðlags um 101%.

Færri taka lán ...

Heildarfjárhæð útstandandi sjóðfélagalána var 13 milljarðar í árslok. Á árinu 2010 voru veitt 58 lán fyrir samtals 456 milljónir. Hámarkslán til sjóðfélaga eru 35 milljónir.

... en úrræðum fjölgaðar fyrir lántakendur
Sjóðurinn býður sjóðfélögum í greiðsluerfiðleikum margvísleg úrræði. Sjóðurinn er m.a. aðili að samkomulagi um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila og býðst sjóðfélögum að færa veðskuldir niður að 110% af verðmæti eigna að uppfylltum skilyrðum.

Áhersla á góðar upplýsingar til sjóðfélaga

Á árinu var opnaður nýr sjóðfélagavefur með upplýsingum um inneign og réttindi sjóðfélaga, bætt við upplýsingum um ávöxtunarleiðir á vefsíðu og opnaður sérstakur fræðsluvefur. Sjóðurinn heldur opna rabbfundi mánaðarlega og býður sérfundum fyrir sjóðfélaga sem vilja upplýsingar og ráðgjöf.

Færri tóku út séreignarsparnað
Árið 2010 greiddi Almenni lífeyrissjóðurinn samtals 1,8 milljarð úr séreignarsjóði samkvæmt tímabundinni heimild til úttektar séreignarsparnaðar til 3.800 sjóðfélaga eða 148 milljónir á mánuði. Frá upphafi hafa 6.500 sjóðfélagar nýtt sér þessa heimild og fengið 4,2 milljarða í útborgun.

Almenni lífeyrissjóðurinn

Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn hentar þeim sem geta valið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða lágmarksiðgjaldið og einnig þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í lífeyrissjóð til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Almenni lífeyrissjóðurinn er öllum opin en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

Iðgjald

Lágmarksiðgjald í Almenna lífeyrissjóðinni er 12% af launum og skiptist þannig að 4% greiðast í séreignarsjóð og 8% í samtryggingarsjóð. Með greiðslu í samtryggingarsjóð safna sjóðfélagar fyrir ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum auk þess að ávinna sér rétt á örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

Viðbótariðgjald (iðgjald umfram 12% af launum) er greitt í séreignarsjóð. Séreignarsjóður er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.

Eignir og fjöldi sjóðfélaga

Í árslok 2010 námu heildareignir Almenna lífeyrissjóðsins 98,7 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn um 7,3 milljarða eða um 8,0% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 32.435 og fjölgaði þeim um 735 félag. Eignir séreignarsjóðs voru 55,3 milljarðar og samtryggingarsjóðs 43,4 milljarðar.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru samtals 7,4 milljarðar og lækkuðu iðgjöldin um 3% frá fyrra ári. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksiðgjöld voru 4,6 milljarðar og viðbótariðgjöld 2,8 milljarðar. Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega voru alls 3,8 milljarðar og skiptust þannig að 2.885 milljónir voru greiddar úr séreignarsjóði og 882 milljónir úr samtryggingarsjóði. Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði skiptust þannig að greiddur ellilífeyrir var 688 milljónir, örorkulífeyrir 77 milljónir, makalífeyrir 103 milljónir og barnalífeyrir 14 milljónir.

Stjórn

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins 2010-2011 var þannig skipuð eftir ársfund 2010:

Aðalmenn:

Páll Á. Pálsson, formaður	Kosinn á ársfundi 2009 til þriggja ára.
Sigurbjörn Sveinsson	Kosinn á ársfundi 2008 til þriggja ára.
Jóhannes Þórðarson	Kosinn á ársfundi 2008 til þriggja ára.
Oddgeir Ágúst Ottesen	Kosinn á ársfundi 2010 til þriggja ára.
Oddur Ingimarsson	Kosinn á ársfundi 2010 til þriggja ára.
Vilhelmína Haraldsdóttir	Kosin á ársfundi 2009 til þriggja ára.
Þorkell Bjarnason	Kosinn á ársfundi 2008 til þriggja ára.

Á stjórnarfundi 15. desember 2010 óskaði Oddgeir Ágúst Ottesen eftir leyfi frá stjórnarsetu til 1. ágúst 2011 vegna tímabundins starfs hjá Fjármálaeftirlitinu.

Til vara:

Björn Th. Árnason	Kosinn á ársfundi 2008 til þriggja ára.
Eiríkur Þorbjörnsson	Kosinn á ársfundi 2009 til þriggja ára.
Gunnar Einarsson	Kosinn á ársfundi 2010 til þriggja ára.

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til. Eftir ársfund 2010 og til áramóta eða á tímabilinu 26. maí til 31. desember 2010 fundaði stjórnin 12 sinnum. Fyrstu þrjú mánuði ársins 2011 fundaði stjórnin 4 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál eða afgreiða milli funda. Aðalmenn í stjórn fá greidd föst stjórnarlausn óháð fjölda funda og stjórnarsetu. Varamenn eru boðaðir þrisvar á ári og í forföllum aðalmanna eða við sérstök tilefni. Varamenn fá greiðslu fyrir hvern setinn stjórnarfund.


Starfsfólk og skrifstofa

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 25, 105 Reykjavík, en þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9-16 og geta sjóðfélagar hvenær sem er komið og hitt ráðgjafa sjóðsins. Sjóðfélagar geta einnig sent fyrirspurnir til sjóðsins á netfangið almenni@almenni.is og svara ráðgjafar daglega öllum fyrirspurnum sem berast.

Hjá Almenna lífeyrissjóðnum starfar 21 starfsmaður, en þar sem sumir eru í hlutastarfi eru stöðugildin 16,6.

Starfsfólk Almenna lífeyrissjóðsins			
Ráðgjafar		Eignastýring	
Þórhildur Stefánsdóttir, deildarstjóri	thorhildur@almenni.is	Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri	kristjana@almenni.is
Ásgeir Haukur Guðmundsson	asgeir@almenni.is	Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri	helga@almenni.is
Brynja Margrét Kjærnested	brynja@almenni.is	Ólafur Heimir Guðmundsson, sjóðstjóri	olafur@almenni.is
Egill Örn Gunnarsson (sumar og afleysing)	egill@almenni.is		
Matei Manolescu, aðstoðarsjóðstjóri	matei@almenni.is	Bókhald og uppgjör	
Sigrún Erlendsdóttir, móttaka	sigrun@almenni.is	Eyrún Sigurjónsdóttir	eyrun@almenni.is
		Kristín Sigurgeirsdóttir	kristin@almenni.is
Iðgjalda- og lífeyrisdeild			
Amalía Berndsen, deildarstjóri	amalia@almenni.is	Daníel Arason, rekstrarstjóri	daniel@almenni.is
Anna Guðmundsdóttir	anna@almenni.is	Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri	sigridur@almenni.is
Árný Benediktsdóttir	arny@almenni.is	Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri	gunnar@almenni.is
Eva Ósk Eggertsdóttir (sumar og afleysing)	eva@almenni.is		
Jóna Sigurðardóttir	jona@almenni.is		
Lóa Rún Kristinsdóttir	loa@almenni.is		
Una Hafdís Hauksdóttir	una@almenni.is		

- Ráðgjafar sjóðsins eru 4 og geta sjóðfélagar leitað til þeirra um sérhæfða ráðgjöf í lífeyrismálum og þjónustu. Aðstoðarsjóðstjóri sérhæfir sig í ráðgjöf um ávöxtunarmál. Sjóðurinn leggur mikla áherslu á faglega ráðgjöf til sjóðfélaga.
- Flestir starfa í iðgjalda- og lífeyrisdeild sem sér um skráningu iðgjalda og greiðslu lífeyris. Deildin skráir öll iðgjöld um leið og þau berast sem er nauðsynlegt til þess að hægt sé að reikna daglegt gengi fyrir sjóðinn og birta nýjustu upplýsingar um greiðslur á sjóðfélagavef. Deildin sér einnig um lífeyrisgreiðslur og greiðir lífeyri til rúmlega 2000 sjóðfélaga í mánuði.
- Í eignastýringarteymi sjóðsins eru 3 sjóðstjórar. Teymið sér um stýringu eigna sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu.
- Bókhaldsdeild sér um daglegt bókhald, mánaðarlegar afstemmingar, skýrslur og árlegt uppgjör sjóðsins.
- Rekstrarstjóri sér um rekstrarmál og hefur umsjón með framkvæmd og skipulagningu innra eftirlits.
- Skrifstofustjóri ber ábyrgð á réttinda- og fjárhagsbókhaldi og stýrir ráðgjöf og þjónustu við sjóðfélaga.
- Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga og samþykka sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum, sem stjórn sjóðsins hefur gefið.




Fjárfestingarumhverfið 2010: Ríkisskuldabréf og hlutabréf hækkuðu, krónan styrktist

Innlánsvextir og ávöxtunarkrafa á ríkistryggðum skuldabréfum lækkuðu töluvert á árinu. Erlendir hlutabréfamarkaðir tóku við sér á seinni hluta ársins en vegna styrkingar krónunnar hækkuðu erlend hlutabréf í íslenskum krónum lítið. Ríkissöfn Almenna lífeyrissjóðsins skiluðu bestu ávöxtuninni árið 2010 en blönduð verðbréfasöfn liðu fyrir að erlend verðbréf hækkuðu lítið vegna styrkingar krónunnar.

Vaxtalækkun og lág verðbólga	Vextir lækkuðu mikið á árinu 2010 en stýrivextir Seðlabankans fóru úr 10% í ársbyrjun í 4,5% í árslok. Verðbólga ársins var fremur lág eða um 2,6%.
Ríkisskuldabréf hækkuðu	Ríkisskuldabréf hækkuðu mikið í verði annað árið í röð, löng óverðtryggð bréf hækkuðu mest eða um 21,6% og löng verðtryggð bréf um 12,5%. Ávöxtunarkrafa á löngum verðtryggðum ríkisskuldabréfum hefur lækkað á síðustu tveimur árum, úr 4,1% í 3,3% og löng óverðtryggð ríkisskuldabréf úr 9% í 6% á sama tímabili.
Erlend hlutabréf hækkuðu, krónan styrktist	Erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu á árinu. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 11,8% en þar sem krónan styrktist um 7,9% gagnvart bandaríkjadollar varð hækkun heimsvísitölnunnar í krónum talið aðeins um 3%.
Innlend hlutabréf vegna lítið	Innlend hlutabréf hækkuðu um 14,6% en þar sem þessi eignaflokkur vegur lítið í söfnum sjóðsins eru áhrif hans óveruleg. Þar sem tiltölulega fá fyrirtæki eru skráð á hlutabréfamarkað vegna innlend hlutabréf lítið vegna áhættudreifingarsjónarmiða.
Sjóðfélagalán endurmetin vegna skuldaaðlögunar	Vegna samkomulags stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila var verðmat sjóðfélagalána lækkað með varúðarniðurfærslum. Þessi breyting ásamt niðurfærslum skuldabréfa fyrirtækja vegna efnahagsáfallsins dró úr ávöxtun blandaðra verðbréfasafna.

Þróun verðbréfamarkaða 2010 (hækkun/lækkun í %)



Ríkissöfn hækkuðu mest


Ríkissöfn Almenna lífeyrissjóðsins skiluðu bestu ávöxtuninni árið 2010. Innlánaafnið og Ævisafn IV, sem ávaxta eignir sínar á innlánsreikningum, koma þar á eftir en blönduð verðbréfasöfn liðu fyrir að erlend verðbréf hækkuðu lítið vegna styrkingar krónunnar.

Ríkissafn langt Ríkissafn langt hækkaði um 11,5%. Eftirspurn eftir verðtryggðum og óverðtryggðum ríkisskuldabréfum var mikil allt árið og hækkuðu þau í verði. Takmarkað framboð annarra fjárfestingakosta réði þar mestu ásamt lækkanði vaxtaumhverfi. Löng óverðtryggð ríkisskuldabréf hækkuðu mest eða um 21,6% og löng verðtryggð ríkisskuldabréf hækkuðu um 12,5%.

Ríkissafn stutt Ríkissafn stutt hækkaði um 9,5%. Ávöxtunarkrafa á stuttum óverðtryggðum ríkisskuldabréfum lækkaði töluvert á árinu samhliða lækkun stýrivaxta.

Innlánasafn og Ævisafn IV Innlánaafnið hækkaði um 6,4% og Ævisafn IV um 5,8% á árinu. Verðtryggðir innlánsveitir innlánaafnsins lækkuðu um 0,5-1 prósentustig samhliða stýrivaxtalækkunum á árinu. Verðbótapátturinn var fremur lítill þar sem verðbólga ársins var 2,6% en verðtryggð innlán vega um 90% af safninu.

Blönduð söfn Ævisafn I hækkaði um 4,6%, Ævisafn II um 4,7%, Ævisafn III um 3,8% og samtryggingarsjóður um 4,1%. Hækkunir á innlendum skuldabréfamarkaði og hækkun erlendra eigna sjóðsins er ástæðan fyrir hækkun blandaðra safna á árinu. Heimsvísitala hlutabréfa í íslenskum krónum hækkaði um 3% á árinu og því var ávöxtun af erlendri hlutabréfaeign lítil á árinu. Vægi erlendra hlutabréfa er hæst í Ævisöfnum I og II og í samtryggingarsjóði.



Skuldabréf á góðum kjörum

Lífeyrissjóðir keyptu verðtryggð ríkisskuldabréf af Seðlabanka Íslands fyrir um 88 milljarða króna í maí 2010. Skuldabréfin eru að jafnaði til níu ára og voru keypt á ávöxtunarkröfunni 7,2% sem var umtalsvert hærri krafa en ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa á markaði. Lífeyrissjóðirnir greiddu fyrir skuldabréfin með evrum og seldu erlend verðbréf til að fjármagna kaupin. Almenni lífeyrissjóðurinn tók þátt í þessum viðskiptum og keypti ríkisskuldabréf fyrir um 4,7 milljarða króna. Vegna þess seldi sjóðurinn um 19% af erlendum verðbréfum sínum. Ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í erlendum verðbréfum eignuðust bréfin, þ.e. Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III og samtryggingarsjóður.

Langtímaávöxtun hefur lækkað


Efnahagshrunið á Íslandi 2008 og 2009 hafði mikil og afgerandi áhrif á langtímaávöxtun Almenna lífeyrissjóðsins. Taflan sýnir nafn- og raunávöxtun í árslok 2010 síðustu 3, 5, 7, 10 og 20 ár.

Ávöxtunarleið	Nafnávöxtun á ári sl.					Raunávöxtun á ári sl.				
	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár	20 ár	3 ár	5 ár	7 ár	10 ár	20 ár
Ævisafn I	-3,2%	2,3%	5,2%	4,7%		-11,2%	-5,3%	-1,6%	-1,4%	
Ævisafn II	-0,6%	3,8%	6,4%	6,4%	8,2%	-8,8%	-3,9%	-0,4%	0,3%	3,5%
Ævisafn III	-6,0%	0,1%	3,1%	5,0%		-13,8%	-7,3%	-3,5%	-1,0%	
Ævisafn IV	0,7%	5,3%	6,5%			-7,6%	-2,5%	-0,3%		
Samtryggingarsjóður	-1,2%	4,0%	7,3%	7,0%	8,9%	-9,4%	-3,7%	0,4%	0,8%	4,2%

Á áratugnum 2000 til 2010 voru tvö tímabil með neikvæðri ávöxtun. Það fyrra var þegar svokölluð „netbóla“ sprakk árin 2000 til 2002 en þá lækkaði hlutabréfaverð um allan heim um tugi prósent. Áhrifin voru enn meiri á Íslandi vegna þess að erlend verðbréf lækkuðu í íslenskum krónum þar sem krónan styrktist töluvert gagnvart öðrum gjaldmiðlum á sama tíma. Seinna tímabilið er fjármálakreppan og efnahagshrunið á Íslandi 2008-2009.

Reynslan sýnir að á löngum tíma koma alltaf tímabil með lágrí og neikvæðri ávöxtun en að sama skapi koma líka ár með mjög góðri ávöxtun. Efnahagshrunið á Íslandi á árunum 2008 og 2009 á sér þó varla nokkra hliðstæðu á fjármálamörkuðum í heiminum. Það mun taka langan tíma að gera upp áhrif efnahagsfallsins á eignir lífeyrissjóða á Íslandi. Endanleg uppgjör krafna á viðskiptabankana og fyrirtæki sem afskrifaðar hafa verið að hluta eða að öllu leyti munu líklega ekki verða ljós fyrr en að nokkrum árum liðnum.


Þrátt fyrir neikvæða ávöxtun síðasta áratug er raunávöxtun yfir lengra tímabil góð. Myndin sýnir raunávöxtun Ævisafns II og samtryggingarsjóðs frá árinu 1990.



Lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og getur því horft til langs tíma við val á fjárfestingarkostum. Reynslan hefur sýnt að á löngum tíma er þeim, sem eru tilbúnir til að taka á sig verðsveiflur umbunað með hærri langtímaávöxtun. Engin ástæða er til að ætla annað en að langtímaávöxtun sjóðsins taki við sér aftur þó svo það sé e.t.v. ólíklegt að ávöxtunin verði svipuð og á árunum fyrir hrún. Á næstu árum munu bjóðast fjárfestingatækifæri sem hafa jákvæð áhrif á langtímaávöxtunina. Miklu skiptir að gjaldeyrishöft verði afnumin sem fyrst en við það aukast möguleikar til ávöxtunar og áhættudreifingar.


Gengi ávöxtunarleiða er reiknað daglega

Almenn lífeyrissjóðurinn reiknar daglega gengi á allar ávöxtunarleiðir sjóðsins og birtir á vefsíðu sinni. Útreikningur á daglegu gengi hófst í júlí 1998 og á sjóðurinn gengisrunu til þess tíma fyrir Ævisafn I, II og III. Gengið er notað til að mæla verðbreytingar frá einum tíma til annars. Í raun eignast sjóðfélagar með greiðslu iðgjalda í séreignarsjóð ákveðnar einingar í sjóðnum og er verðmæti eininganna mælt með genginu. Myndin sýnir gengisþróun Ævisafns II frá árinu 1998. Myndin sýnir að langtímaleitnin er jákvæð þrátt fyrir neikvæð áhrif netbólú á árunum 2000-2002 og efnahagshruns árin 2008 og 2009.




Myndin fyrir neðan sýnir gengisþróun Ævisafns II, Innlánasafns og langa ríkissafnsins árið 2010. Myndin sýnir vel verðsveiflur ávöxtunarleiða innan árs. Gengisþróun Innlánasafnsins var mjög stöðug enda hafa vaxtabreytingar ekki áhrif á höfuðstól. Ríkissafn langt og Ævisafn II sveiflast hins vegar í takt við breytingar á mörkuðum. Ríkissafn langt hækkaði mjög mikið á árinu vegna lækkandi ávöxtunarkröfu. Krafan á löngum verðtryggðum ríkisskuldabréfum fór lægst í 2,43% í september en hækkaði síðan í 3,6% í byrjun október og fór síðan aftur lækkandi. Ævisafn II átti erfitt lengst af ársins vegna styrkingar krónunnar og lækkandi hlutabréfaverðs. Um miðjan nóvember hækkaði gengi safnsins þegar gengið var frá kaupum á ríkisskuldabréfum af Seðlabanka Íslands á góðum kjörum. Safnið naut síðan góðs af hækkunum á erlendum hlutabréfamörkuðum í desember og áfram í janúar og febrúar 2011.

Innlánasafnið hentar mjög vel fyrir þá sem eru byrjaðir að ganga á inneign sína og vilja ekki sveiflur í ávöxtun. Ævisafn II og Ríkissafn langt henta hins vegar vel fyrir þá sem eru að ávaxta til langs tíma og þola sveiflur í ávöxtun.



Eignasamsetning nokkuð frá stefnu

Ávöxtunarleiðir séreignarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins eru sjö og geta sjóðfélagar valið sér leið. Þær eru Ævisafn I, Ævisafn II, Ævisafn III, Ævisafn IV, Ríkissafn langt, Ríkissafn stutt og Innlánasafn. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í sérgreindu verðbréfasafni. Fjárfestingarstefna samtryggingarsjóðsins tekur mið af réttindakerfi, lífeyrisbyrði og áætluðu framtíðargreiðsluflæði vegna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins.



Undirvigt á hlutabréfum

Undirvigt er á hlutabréfum í Ævisöfnum I, II, III og í samtryggingarsjóði vegna gjald-eyrishafta. Samkvæmt fjárfestingarstefnu eru erlend hlutabréf uppistaðan í hlutabréfum sjóðsins þar sem ekki er hægt að ná nægjanlegri áhættudreifingu á innlendum hlutabréfamarkaði. Vegna gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki náð stefnu um erlend hlutabréf. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og lítur á gjaldeyrishöftin sem tímabundin og hefur því ekki breytt fjárfestingarstefnu sinni þrátt fyrir höftin.

Vægi erlendra bréfa lækkar

Vægi erlendra verðbréfa í blönduðum verðbréfasöfnum minnkaði á árinu 2010 þegar sjóðurinn keypti ríkisskuldabréf á góðum kjörum af Seðlabanka Íslands sem greitt var fyrir með gjaldeyri.

Innlán og ríkisskuldabréf

Eftir fall viðskiptabankanna árið 2008 hefur verið mikil eftirspurn eftir innlánnum og ríkisskuldabréfum. Innlánasafn, Ríkissafn langt og Ríkissafn stutt voru stofnuð á árunum 2008 og 2009. Öllum iðgjöldum hefur verið ráðstafað í Innlánasafnið frá falli viðskiptabankanna haustið 2008 en sjóðfélagar geta breytt ráðstöfuninni.

Sameining á árinu


Stefnt er að sameiningu Ævisafns IV og Innlánasafns á árinu 2011. Ævisafn IV hefur eftir bankahrún eingöngu fjárfest í innlánnum og eru eignir þess nú svipaðar og eignir Innlánasafnsins.

Innlán eru tryggð með yfirlýsingu ríkisstjórnar

Innstæður í innlendum bönkum og sparissjóðum eru tryggðar samkvæmt yfirlýsingu Ríkisstjórnar Íslands frá 3. febrúar 2009. Innlán eru forgangskrafa við slit fjármálafyrirtækis, skv. neyðarlögum vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði. Inneignir sjóðfélaga í Innlánasafninu njóta ekki persónubundinnar tryggingaverndar í Tryggingarsjóði innstæðueigenda. Í frumvarpi um breytingar á lögum um Tryggingarsjóðinn, sem lagt var fyrir Alþingi 2010-2011 af viðskiptaráðherra, er gert ráð fyrir að þessu verði breytt.

Helmingur eða meira eru ríkisskuldabréf

Myndirnar sýna upplýsingar um innlend skuldabréf ávöxtunarleiða sjóðsins. Vinstri myndin sýnir skiptingu innlendra skuldabréfa í öllum ávöxtunarleiðunum í árslok 2010. Hægri myndin sýnir upplýsingar um meðalávöxtun og meðaltíma skuldabréfasafnanna um áramótin. Meðalávöxtun segir til um meðalávöxtunarkröfu skuldabréfa og er vísbending um hvaða ávöxtun söfnin munu gefa í framtíðinni ef markaðsvextir haldast óbreyttir. Meðaltími skuldabréfa segir til um hversu lengi höfuðstóll er bundinn að jafnaði og er vísbending um verðnæmni skuldabréfa ef markaðsvextir breytast. Þannig er hægt að áætla verðbreytingu skuldabréfs með því að margfalda vaxtabreytingu með meðaltíma þess. Sem dæmi má nefna að skuldabréf með 10 ára meðaltíma hækkar um 10% ef vextir lækka um eitt prósentustig og öfugt.



Vægi ríkisskuldabréfa hefur aukist

Ríkistrygð skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga og laust fé hefur verið að aukast í ævisöfnunum og samtryggingarsjóði á undanförunum mánuðum og eignasamsetning skuldabréfahluta safnanna breytist smátt og smátt. Skýringin er fyrst og fremst markaðsaðstæður og framboð fjárfestingarkosta og einnig afborganir og uppgreiðslur skuldabréfa.

Sjóðfélagalán vega þungt

Sjóðfélagalán vega þungt í skuldabréfasöfnum sjóðsins. Sjóðfélagar eiga kost á að fá hagstæðari lán hjá sjóðnum en bjóðast hjá fjármálafyrirtækjum og sjóðurinn fær betri ávöxtun en á markaðsskuldabréfum. Á liðnum áratugum hafa heimtur sjóðfélagalána verið afar góðar. Einstaklingar eru almennt góðir greiðendur og sjóðurinn fer fram á fasteignaveð til tryggingar greiðslu.

Önnur skuldabréf þurfa að uppfylla viðmiðanir

Viðmiðanir við val á verðbréfum sem útgefin eru af innlendum útgefendum öðrum en ríkinu eru skilgreind í fjárfestingarstefnu sjóðsins. Markmiðið með því er að draga úr líkum á eignatapi og að auka gegnsæi með því að varpa ljósi á þau skilyrði sem sjóðurinn hefur til viðmiðunar þegar keypt eru verðbréf útgefin af öðrum en ríkinu.

Meðaltími hefur lengst ...

Meðaltími skuldabréfasafnanna hefur því lengst nokkuð, þar sem ríkisskuldabréf og skuldabréf sveitarfélaga eru almennt með lengri meðaltíma en skuldabréf fyrirtækja.

... og meðalávöxtun lækkað


Meðalraunávöxtun er einnig orðin nokkuð lægri í söfnunum þar sem lægri ávöxtunarkrafa er á ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sveitarfélaga en á skuldabréfum fyrirtækja og lánnum til sjóðfélaga.

Há meðalávöxtun blandaðra safna

Meðalávöxtun blandaðra verðbréfasafna er töluvert hærri en Innlánasafns og ríkissafna. Það skýrist af því að söfnin eiga skuldabréf sveitarfélaga, fyrirtækja og sjóðfélagalán. Meirihluti skuldabréfanna er með föstum vöxtum.


Mikil áhættudreifing í erlenda safninu

Ráðgjöf Almenna lífeyrissjóðsins er að blönduð og vel dreifð verðbréfasöfn séu góður kostur fyrir lífeyrisparnað og skili bestu ávöxtuninni til lengri tíma og áhættudreifingu. Í hruninu kom í ljós mikilvægi þess að vera með vel dreifð eignasöfn þegar áföll verða og alveg sérstaklega að dreifa eignum á fleiri lönd og heimssvæði. Blönduð verðbréfasöfn séreignarsjóðs (Ævisafn I, Ævisafn II og Ævisafn III) og samtryggingarsjóður fjárfesta hluta af eignum sínum erlendis samkvæmt fjárfestingarstefnu en Innlánaafnið og ríkisskuldabréfasöfnin fjárfesta alfarið innanlands. Taflan fyrir neðan sýnir skiptingu ávöxtunarleiða í innlendar og erlendar eignir.



Vegna gjaldeyrishafta hefur lífeyrissjóðurinn ekki mátt kaupa erlend hlutabréf og erlend ríkisskuldabréf frá því höftin voru sett á haustið 2008. Sjóðurinn má ekki bæta við erlendar fjárfestingar en má hins vegar gera eignabreytingar og má standa við áður gerðar skuldbindingar í framtakssjóðum. Sjóðurinn stefnir á að halda erlendum fjárfestingum vegna áhættudreifingsjónarmiða þrátt fyrir nokkuð útstreymi úr séreignarsjóði vegna tímabundinnar opunar séreignarsparnaðar. Frá þessu var að vísu gerð undantekning þegar sjóðurinn keypti ríkisskuldabréf á góðum kjörum af Seðlabanka Íslands í maí 2010, sjá umfjöllun á bls. 8.

Erlendar eignir Almenna lífeyrissjóðsins voru samtals um 23 milljarðar í árslok. Fjárfestingar skiptast í skráð hlutabréf, ríkisskuldabréf, framtaksfjárfestingar og gjaldeyrisreikninga.




Skráð hlutabréf vega þingst eða um tvo þriðju af safninu. Almenni lífeyrissjóðurinn notar erlenda verðbréfasjóði til að fjárfesta í hlutabréfum og er horft til margra atriða við val á sjóðum eins og árangurs, kostnaðar, aðferða, starfsmanna, stöðugleika í rekstri og fleira.

Sjóðurinn stefnir að því að halda fjárfestingarkostnaði í lágmarki með því að skilgreina í fjárfestingarstefnu að hann fjárfestir almennt ekki í hlutabréfasjóðum sem bera hærri árlegan umsýslukostnað en 0,5% af eignum. Í samræmi við þetta hefur sjóðurinn aukið vægi markaðstengdra sjóða (hlutlausrar stýringar) við val á erlendum hlutabréfasjóðum.

Erlenda hlutabréfasafnið inniheldur fjölda fyrirtækja og er vel dreift á lönd og atvinnugreinar eins og næstu tvær myndir sýna. Með markaðstengdu sjóðunum er tryggt að safnið á í rúmlega 1600 fyrirtækjum í 24 löndum. Með þessum fjölda er tryggt að vægi einstakra fyrirtækja er mjög lítið en stærsta fyrirtækið vegur aðeins um 1,4% af hlutabréfasafninu. Áhrif af gjaldþroti eins fyrirtækis eru því tiltölulega lítil.


Erlendar eignir sjóðsins námu 23 milljörðum í árslok 2010 og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Vegna gjaldeyrishafta og stöðu fjármálakerfisins er sjóðnum nú ómögulegt að verjast gengisáhættu með gerð afleiðusamninga. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum undirliggjandi eigna munu erlendar eignir sjóðsins að öðru óbreyttu lækka um 2,3 milljarða í íslenskum krónum.

Stefna sjóðsins er að landaskipting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Landaskiptingin verður þó alltaf eitthvað frábrugðin heimsvísitölunni vegna markaðstengdra sjóða sem velja lönd og vegna virkra sjóða sem velja fyrirtæki. Myndin sýnir landaskiptingu erlendra hlutabréfa og sýnir hvernig fjárfestingar sjóðsins dreifast um allan heim.



Sjóðurinn stefnir á að atvinnugreinaskeyting erlendra hlutabréfa sé sambærileg og í heimsvísitölu hlutabréfa, MSCI. Atvinnugreinaskeytingin verður þó alltaf eitthvað frábrugðin heimsvísitölunni vegna markaðstengdra sjóða sem velja lönd og vegna virkra sjóða sem velja fyrirtæki. Myndin sýnir atvinnugreinaskeytingu erlendra hlutabréfa og sýnir hvernig fjárfestingar sjóðsins skiptast á milli atvinnugreina.

Atvinnugreinaskipting erlendra hlutabréfa og samanburður við heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI)



Erlend ríkisskuldabréf veða rúm 11% af erlendum eignum en markmiðið samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins er að erlend ríkisskuldabréf vegi 5-10% af erlendum verðbréfum. Ríkisskuldabréfin eru útgefin af Bandaríkjunum og Evrópuríkjum.

Framtakssjóðir veða um 19% af erlendum eignum. Framtakssjóðir fjárfesta í óskráðum hlutabréfum (Private equity), millilagsfjármögnunarsjóðum (sjóðir sem fjárfesta í lánasamningum, milli hlutabréfa og skuldabréfa) og vognunarsjóðum. Fjárfestingartími framtakssjóða er yfirleitt um 8-12 ár og er ferlið þannig að fjárfestar skrifa sig fyrir ákveðinni fjárfestingu í upphafi sem dreifist svo á nokkur ár eða eftir því sem viðkomandi sjóðir finna fjárfestingatækifæri. Samkvæmt gildandi gjaldeyrishöftum hafa lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar sem gert hafa samninga um fjárfestingar í framtakssjóðum, heimild til að standa við áður gerðar skuldbindingar í sjóðunum, þ.e. mega kaupa í sjóðunum við innköllun áskrifta. Af þessari ástæðu hefur vægi framtakssjóða í erlenda safninu aukist. Erlendir framtakssjóðir hafa komið nokkuð vel út á liðnum árum og urðu ekki fyrir miklum áföllum í fjármálakreppunni 2008.

Markmið samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins er að 4-6% af erlendra verðbréfaeign sé í svokölluðum framtakssjóðum (Private Equity) sem fjárfesta í óskráðum hlutafélögum. Vegna gildandi gjaldeyrishafta er núverandi eign í framtakssjóðum hærrí eða um 19%. Stefnt er að því að minnka hlutfall framtakssjóða af erlendra verðbréfaeign, m.a. með því að ráðstafa endurgreiðslum í erlenda hlutabréfasjóði.

Ítarlegar upplýsingar á heimasíðu

Almenni lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að birta upplýsingar um ávöxtunarleiðir á vefsíðu sjóðsins þannig að sjóðfélagar geti fylgst með eignum og tekið upplýstar ákvarðarnir um lífeyrissparnaðinn sinn. Sjóðurinn reiknar og birtir daglega gengi allra ávöxtunarleiða en þannig geta sjóðfélagar fylgst með daglegum verðbreytingum og ávöxtun. Mánaðarlega birtir sjóðurinn fréttir um einstakar ávöxtunarleiðir og sérstök upplýsingablöð með upplýsingum um eignasamsetningu og orðsendingu sjóðstjóra. Sjóðurinn birtir einnig reglulega lista með upplýsingum um einstaka útgefendur verðbréfa í eignum sjóðsins.

Fjárfestingarstefna 2011

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins samþykkti í desember nýja fjárfestingarstefnu fyrir árið 2011. Stefnan er mjög ítarleg. Í stefnunni eru gerðar eftirfarandi breytingar frá fyrra ári:

- Innlend hlutabréf eru nú aftur hluti af fjárfestingarstefnu blandaðra verðbréfasafna en Ævisafn I stefnir nú að því að 3% eigna séu innlend hlutabréf, Ævisafn II 2,5%, Ævisafn III 1% og samtryggingarsjóður 2%.
- Heimildir í lögum til að fjárfesta í hlutabréfum fyrir viðbótarlífeyrissparnað voru auknar með laga-breytingum sem tóku gildi í ársbyrjun 2010. Vegna þessara breytinga stefnir Ævisafn I nú að því að fjárfesta 70% af eignum í hlutabréfum í staðinn fyrir 60% áður. Á móti hefur eignaflokkurinn skuldabréf með hluta-bréfaávöxtun verið felldur úr fjárfestingarstefnu safnsins.
- Sjóðurinn ítrekar að hann stefnir að því að halda fjárfestingarkostnaði í lágmarki með því að skilgreina að hann fjárfestir almennt ekki í hlutabréfasjóðum sem bera hærri árlegan umsýslukostnað en 0,5% af eignum.
- Viðmiðanir við val á verðbréfum sem útgefin eru af innlendum útgefendum öðrum en ríkinu eru nú ítar-legri. Markmiðið er að draga úr líkum á eignatapi og að auka gegnsæi með því að varpa ljósi á þau skilyrði sem sjóðurinn hefur til viðmiðunar þegar keypt eru innlend verðbréf útgefin af öðrum en íslenska ríkinu.
- Sérstakur kafli um áhættustýringu fylgir nú sem hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Mikil áhersla er lögð á viðtækt áhættueftirlit og áhættustýringu hjá sjóðnum. Sjóðurinn hefur skilgreint fjóra meginþætti eignasafnsáhættu sem eru frávikaáhætta, mótaðilaáhætta, markaðsáhætta og lausafjáraáhætta. Í kaflanum er lýsing á eftirliti sjóðsins og aðgerðum ef eftirlit sýnir áhættu fara yfir ákveðin mörk.



Fjárfestingarstefnan 2011

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyris-sjóðsins er aðgengileg fyrir sjóðfélaga á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Fjárfestingarstefnan skiptist í sex kafla og er samtals 38 blaðsíður.

Sjóðurinn bauð sjóðfélögum að koma að mótun fjárfestingarstefnunnar með því að efna til sérstaks ræðufundar í október um stefnuna. Á fundinum var farið yfir drög að nýrri fjárfestingarstefnu og óskað eftir ábendingum og athugasemdum. Sjóðfélagar geta nálgast fjárfestingarstefnuna í heild sinni á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Óvissa um afdrif afleiðusamninga

Fyrir efnahagshrun beitti Almenni lífeyrissjóðurinn gjalddeyrisstýringu til að draga úr sveiflum í ávöxtun af erlendum verðbréfum og til að verja sjóðinn fyrir lækkun á erlendum verðbréfum í íslenskum krónum. Gjaldmiðlavarnarsamningarnir eru óuppgerðir en ágreiningur er við skilanafndir gömlu bankanna um uppgjör samninganna. Viðræður um uppgjör samninganna hafa ekki skilað árangri.

Í kröfulýsingu í protabú Glitnis banka hf. krafðist Almenni lífeyrissjóðurinn þess að samningarnir verði gerðir upp miðað við meðaltalsgengi miðgengis gengisvístölnunnar á tímabilinu janúar til mars árið 2008 þar sem brestur varð á markaði með íslensku krónuna í mars 2008. Miðað við þetta gengi er hagnaður af samningunum.


Almenni lífeyrissjóðurinn hefur ásamt öðrum lífeyrissjóðum lýst yfir vilja til að kanna forsendur fyrir annars konar samkomulagi um uppgjör samninganna. Lífeyrissjóðirnir hafa lýst yfir vilja til að semja um uppgjör samninganna miðað við gengisvístölnuna 175 sem var opinbert gengi hjá Seðlabankanum við fall viðskiptabankanna.

Skilanevndir bankanna hafa ekki fallist á það og hafa farið fram á að samningarnir verði gerðir upp á gengi þeirra á gjalddaga. Lífeyrissjóðirnir hafa myndað viðbragðshóp sem hefur ráðið lögfræðingateymi til að meta stöðu lífeyrissjóðanna og til að undirbúa samningaviðræður og/eða málarekstur.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur metið samninga miðað við verstu mögulegu niðurstöðu og gjaldfært tap af þeim ásamt dráttarvöxtum. Bókfært tap er 7,2 ma.kr. en náist samningar um uppgjör miðað við gengisvísitöluna 175 lækkar tapið um allt að helming og munu ávöxtunarleiðir, sem fjárfesta mest í erlendum verðbréfum, njóta góðs af því. Þrátt fyrir að sjóðurinn hafi í varúðarskyldu gjaldfært tap af samningunum með þessum hætti er alveg óvíst hvort að sjóðnum beri lagaleg skylda til að gera samningana upp og þá með hvaða hætti.

Varúðarniðurfærsla hefur einnig verið færð vegna vaxtaskiptasamninga sem lífeyrissjóðurinn gerði vegna kaupa á erlendum skuldabréfum. Bókfært tap vegna vaxtaskiptasamninga er um 0,6 ma.kr. Þrátt fyrir að sjóðurinn hafi reiknað upp og gert varúðarniðurfærslu vegna samninganna er alveg óvíst hvort að sjóðnum beri lagaleg skylda til að gera þá upp.

Íslenskir lífeyrissjóðir hafa verið gagnrýndir fyrir að beita gjaldeyrisstýringu fyrir efnahagshrunið, m.a. í rannsóknarskýrslu Alþingis. Tilgangur gjaldeyrisstýringar er að draga úr sveiflum vegna flöks á gengi gjaldmiðla með gjaldmiðlavörnum og koma í veg fyrir að erlendar eignir lækki í heimamynt ef myntin styrkist gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Gjaldmiðlavarinnir eru ekkert séríslenskt fyrirbrigði. Tímaritið **Institutional Investor** gerði könnun meðal 260 lífeyrissjóða í Evrópu sem eru meðlimir í þekkingarklúbbi tímaritsins. Tímaritið gerir könnun meðal sjóðanna einu sinni í mánuði og spyr ýmissa spurninga um eigna- og áhættustýringu. Spurning mánaðarins í febrúar 2011 var hvort sjóðirnir beiti gjaldmiðlavörnum til að draga úr gjaldeyrisáhættu. Niðurstaða könnunarinnar var mjög afgerandi en 80% þeirra sem svöruðu spurningunni sögðust verja erlendar eignir að hluta til eða öllu leyti. Rúmlega þriðjungur eða 34% sjóðanna sögðust verja erlendar eignir að fullu en 46% sögðust verja 50% eða helming erlendra eigna.



Ef lífeyrissjóðir annarra Evrópuríkja sjá ástæðu til að verjast gjaldeyrisáhættu verður að teljast mjög eðlilegt að íslenskir lífeyrissjóðir hafi hugsað svipað. Einnig verður að hafa í huga að á liðnum árum og áratugum hafa fáar myntir sveiflast jafnmikið gagnvart öðrum myntum og íslenska krónan. Að því leyti höfðu íslenskir lífeyrissjóðir sérstaka ástæðu til að nota gjaldeyrisvarnir til að draga úr sveiflum.

Afskriftir og mat á endurheimtum skuldabréfa

Í efnahagshruninu 2008 og 2009 hrundi allt fjármálakerfi landsins og nær öll fyrirtæki, sveitarfélög og margir einstaklingar lentu í skuldavanda á sama tíma. Lífeyrissjóðir landsins urðu fyrir búsigjum þar sem flestir útgefendur skráðra verðbréfa fyrir hrun, eiga í greiðsluerfiðleikum eða eru gjaldþrota. Þessir eignaflokkar vógu samtals um 29% af eignum lífeyrissjóðanna fyrir hrun (um 26% af eignum Almenna lífeyrissjóðsins). Lífeyrissjóðir hefðu aldrei getað fjárfest eingöngu í ríkisskuldabréfum vegna þess að framboð þeirra var takmarkað og mun minna en eignir lífeyrissjóðanna.

Á árinu samþykkti stjórn sjóðsins reglur lífeyrissjóða um skuld- og skilmálabreytingar fyrir fyrirtæki. Markmiðið með reglunum er að hámarka endurheimtur lífeyrissjóðs að teknu tilliti til ákveðinna skilyrða og sjónarmiða sem lýst er í reglunum. Í reglunum eru til að mynda sett skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu og talin upp atriði sem sjóðurinn leggur mat á varðandi rekstur, stjórnun, efnahag og rekstrarumhverfi fyrirtækisins. Í reglunum eru einnig talin upp atriði sem sjóðurinn hefur til hliðsjónar við mat á áframhaldandi þátttöku eigenda og stjórnenda fyrirtækis. Loks eru taldir upp skilmálar samninga við endurskipulagningu, kröfur um frekari skilmála eða kvaðir eftir því sem við á. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins.

Í ársuppgjöri Almenna lífeyrissjóðsins 2009 var gerð ítarleg grein fyrir afskriftum og mati á endurheimtum skuldabréfa vegna efnahagshrunsins. Því miður neyddist sjóðurinn til að auka afskriftir (lækka endurheimtu-stuðla) á árinu 2010 eins og fram kemur hér á eftir.

- Félög afskrifuð að hluta: Eik fasteignafélag úr 80% í 50%. Atorka úr 30% í 20%.
- Félög afskrifuð að hluta og viðræðum um fjárhagslega endurskipulagningu ekki lokið: N1.
- Félög afskrifuð að fullu: Sparisjóður Keflavíkur úr 25% í 0, Byr sparisjóður úr 25% í 0.
- Vegna samkomulags stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila var verðmat sjóðfélagalaða lækkað um 6% með varúðarniðurfærslu.


Á heimasíðu sjóðsins eru upplýsingar um alla útgefendur í hverri ávöxtunarliði fyrir sig. Ljóst er að endanleg uppgjör krafna á ofangreinda greiddendur skuldabréfa verða frábrugðin þeim afskriftum sem færðar hafa verið. Í einhverjum tilvikum kunna endurheimtur að verða meiri og í einhverjum tilvikum minni.

Rekstrarkostnaður í takt við áætlun

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að halda kostnaði í lágmarki þannig að sem mest af ávöxtun sjóðsins skili sér til sjóðfélaga. Þessu er fylgt eftir með því að gæta hófs í rekstri og reyna að lágmarka fjárfestingarkostnað við ávöxtun eigna sjóðsins eins og hægt er. Engu að síður er þjónustustig sjóðsins með því hæsta sem þekkest. Hjá sjóðnum eru alltaf sérhæfðir lífeyrisráðgjafar á vakt, sjóðurinn býður sjóðfélögum að velja milli sjö ávöxtunarliða fyrir séreign, reiknar daglega upp gengi allra ávöxtunarliða og birtir á vefsíðu, býður sjóðfélögum aðgang að sjóðfélagavef með ítarlegum upplýsingum um lífeyrisréttindi, o.fl.

Rekstraráætlun fyrir árið 2010 gerði ráð fyrir heildarkostnaði að fjárhæð 320 m.kr. Raunverulegur rekstrarkostnaður varð 343 m.kr. sem er 7% umfram áætlun. Allir liðir voru í samræmi við áætlun nema kostnaður við upplýsingatækni sem var óvenju hár m.a. vegna flutnings lífeyriskerfis til nýs hýsingaraðila og vegna breytinga á samþykktum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins samþykkti á stjórnarfundi í desember 2010 rekstraráætlun fyrir árið 2011. Samkvæmt henni stefnir í að rekstrarkostnaður sjóðsins verði um 327 milljónir árið 2011 eða um 0,33% af áætluðum meðaleignum ársins. Gangi áætlunin eftir lækkar rekstrarkostnaður milli ára um 16 milljónir eða um 5%. Hjá sjóðnum starfa 21 starfmenn en stöðugildi eru 16,6.




Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs

Staðan batnar milli ára

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóða eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

- **Áunnin staða.** Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna áunninna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.
- **Framtíðarstaða.** Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 67 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
- **Heildarstaða.** Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga. Heildareignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðariðgjalda.




Ef niðurstaða tryggingafræðilegs uppgjörs sýnir að heildarstaða, sem hlutfall af heildarskuldbindingum, er +/- 15% í eitt ár verður samtryggingarsjóður að breyta réttindum sjóðfélaga. Ef heildarstaða er +/- 5% af heildarskuldbindingum samfelt í 5 ár verður einnig að breyta réttindum. Markmið samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins er að

- tryggja sjóðfélögum lífeyri til æviloka í hlutfalli við inngreiðslur og verja þá og fjölskyldur þeirra fyrir tekjumissi vegna örorku eða fráfalls sjóðfélaga með því að greiða áfallalífeyri (örorku, maka- og barnalífeyri).
- skuldbindingar verði jafnháar eignum sjóðsins.
- eignum sjóðsins verði vel dreift á milli eignaflokka, atvinnugreina, útgefenda og landa til að tryggja áhættudreifingu og draga þannig úr sveiflum á ávöxtun og áföllum á eignahlið.

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðsins var reiknuð af tryggingafræðingi miðað við 31. desember 2010.

- Áfallnar skuldbindingar voru 12,2% hærrí en eignir sjóðsins.
- Núvirði framtíðariðgjalda var 3,7% hærrí en áætlaðar framtíðarskuldbindingar.
- Heildarskuldbindingar voru 5,4% umfram heildareignir.



Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs í árslok 2010 hefur batnað frá því sem var í árslok 2009.

- Á árinu 2010 voru áunnin réttindi og lífeyrisgreiðslur lækkaðar um 12% samkvæmt ákvörðun ársfundar.
- Raunávöxtun samtryggingarsjóðs var 1,5% sem er 2,0 prósentustigum undir 3,5% lágmarksávöxtun sem reiknað er með í tryggingafræðilegri úttekt.
- Lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og því hækka skuldbindingar í takt við hækkun á vísitölu neysluverðs. Árið 2010 hækkaði vísitalan um 2,6%.
- Kostnaður í tryggingafræðilegri úttekt hækkar nokkuð og veldur því að áunnin staða versnar um 0,2% og framtíðarstaða um 0,6%. Við mat á kostnaði í tryggingafræðilegri úttekt er stuðst við fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað í síðustu þremur uppgjörum, fundinn meðalkostnaður og hann reiknaður til framtíðar og síðan núvirtur. Þegar sjóðurinn hóf sjálfstæðan rekstur hækkaði eignastýringarkostnaður sjóðsins sem veldur því að kostnaður í tryggingafræðilegri úttekt hækkar.

Lögbundin réttindi


Núverandi lög um starfsemi lífeyrissjóða tóku gildi þann 1. júlí 1998. Með þeim urðu mikil tímamót því þá var í fyrsta sinn samþykkt heilstæð löggjöf um lífeyrissjóðina. Í lögnum eru m.a. skilgreind lágmarksréttindi sem sjóðir þurfa að tryggja til að fá starfsleyfi. Í því felst að sjóðirnir skulu tryggja sjóðfélögum verðtryggðan ellilífeyri til æviloka, greiða örorku- og barnalífeyri ef starfsgeta minnkar og greiða maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga.

Almenni lífeyrissjóðurinn uppfyllir þessi skilyrði og rúmlega það. Sjóðurinn nýtur þess að örorkutíðni sjóðfélaga er mjög lág og þess vegna getur hann varið hærri hluta iðgjalds til að greiða eftirlaun. Sjóðurinn greiðir hærri örorkulífeyri en lágmark samkvæmt lögum og tvöfalt hærri barnalífeyri. Eigi börn látinna sjóðfélaga ekki foreldra á lífi greiðir sjóðurinn tvöfaldan barnalífeyri eða fjórfalt hærri en lög gera ráð fyrir. Makalífeyrir er hefðbundinn en þar sem þriðjungur lágmarksíðgjalds greiðist í séreignarsjóð þá njóta makar þess að inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga.

Réttindi í samtryggingarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins		
Lífeyrir	Lýsing	Fjárhæð
Ellilífeyrir	Greiddur til æviloka Hægt er að hefja töku ellilífeyris úr samtryggingarsjóði á aldrinum 60-70 ára	Fjárhæð ellilífeyrisgreiðslna ræðst af iðgjöldum sem sjóðfélagi greiðir í sjóðinn og af afkomu sjóðsins Miðað er við að sjóðfélagi sem greiðir í 40 ár, frá 25 til 30 ára aldri, ávinni sér lífeyrisréttindi sem nema 56% af þeim launum sem hann greiðir af
Örorkulífeyrir	Greiddur ef orkutap er metið 50% eða meira Greiddur til 70 ára aldurs og þá hefjast greiðslur ellilífeyris	Fjárhæð miðast við áunnin lífeyrisréttindi og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir ákveðin skilyrði
Makalífeyrir	Greiddur við fráfall sjóðfélaga Fullur makalífeyrir er greiddur a.m.k. í tvö ár og helmingur í eitt ár til viðbótar Makalífeyrir er greiddur lengur ef yngsta barn er yngra en 20 ára eða ef maki er 50% öryrki og yngri en 67 ára	Makalífeyrir er helmingur af fjárhæð örorkulífeyris
Barnalífeyrir	Greiddur með börnum sem eru óvinnufær eða látinn sjóðfélagi hefur haft á framfæri Greiddur til 20 ára aldurs barns	Fjárhæð með hverju barni var kr. 28.075 í mars 2011. Eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir
Nánari upplýsingar um réttindin eru í samþykktum sjóðsins.		

Hækkun umfram launa- og verðlagsþróun

Frá því að lífeyrissjóðalögin tóku gildi árið 1998 hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum og forverum hans hækkað verulega umfram verðlag á síðustu árum. Lífeyrisréttindi sjóðfélaga hækkuðu um 153% að meðaltali á tímabilinu 1998-2010. Á sama tíma hækkaði launavísitala um 128% og vísitala neysluverðs um 101%. Í þessum tölum er búið að taka tillit til lækkunar á réttindum síðustu ára vegna efnahagshrunsins.



Hækkun lífeyrisréttinda er mismunandi mikil eftir hópum og skýrist af því að réttindi í eldri lífeyrissjóðum voru ólík. Réttindi arkitekta hafa hækkað um 52% umfram verðlag. Réttindi lækna hafa hins vegar hækkað minna eða um 20% en réttindi í Lífeyrissjóði lækna voru hlutfallslega „dýr“ vegna ævilangs makalífeyris.

Lækkun eigna og lífeyrisréttinda síðustu tvö ár eru sár reynsla sem enginn vill ganga í gegnum aftur. Hún bitnar verst á þeim sem eru byrjaðir að fá lífeyrisgreiðslur eða ganga á inneign sína í séreignarsjóði. Stjórnendur Almenna lífeyrissjóðsins eru staðráðnir í að gera allt til að læra af reynslu síðustu ára og draga úr sveiflum vegna efnahagsáfalla. Með því móti er hægt að viðhalda góðri sögu frá 1998 sem má ekki gleymast þrátt fyrir að á móti blási í bili.

Lán til sjóðfélaga

Nýjum lánum fækkaði annað árið í röð


Sjóðfélögum standa til boða hagstæð lán gegn fasteignaveði. Hámarkslánsfjárhæð er 35 milljónir. Hægt er að velja milli verðtryggðra lána með breytilegum eða föstum vöxtum. Breytilegir vextir voru 3,75% og fastir vextir 4,4% í mars 2011. Sjóðfélagar geta valið um tvær tegundir lána, **Langtímalán** eða **Lífeyrislán**. Langtímalán eru með jöfnum afborgunum eða greiðslum til allt að 40 ára. Lífeyrislán eru greidd út mánaðarlega að hámarki í 10 ár. Allir sem sækja um sjóðfélagalán þurfa að leggja fram greiðslumat frá viðskiptabanka eða íbúðarlánasjóði.

Breytilegir vextir eru 0,5% hærri en meðalávöxtun í síðasta almanaksmánuði á nýjasta flokki íbúðabréfa til 30 ára í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Vextirnir verða þó aldrei lægri en sú vaxtaviðmiðun sem lífeyrissjóðir nota í tryggingafræðilegum úttektum að viðbættu 0,25% álagi, nú 3,75% umfram vísitölu neysluverðs. Fastir vextir eru ákveðnir af stjórn sjóðsins.

Árið 2010 fækkaði nýjum lánnum til sjóðfélaga mikið frá fyrri árum. Á árinu voru veitt 58 lán fyrir samtals 456 milljónir en árið 2009 voru afgreidd 95 lán fyrir 585 milljónir króna. Meðalfjárhæð nýrra lána til sjóðfélaga var 7,9 milljónir á árinu 2010. Í lok ársins var heildarfjárhæð útistandandi sjóðfélagalána 13.064 milljónir.

Hlutfall sjóðfélagalána í ávöxtunarleiðum

Hlutfall sjóðfélagalána, %



Á árinu 2010 var hámarksfjárhæð á lánum til sjóðfélaga hækkuð í 35 milljónir. Framan af árinu voru í gildi takmarkanir á útgreiðslum úr séreignarsjóði og á því tímabili var hámarkslánsfjárhæð lána lækkuð í 10 m.kr. Takmörkunum var síðan aflétt 1. maí og hækkaði hámarkslán þá aftur í 25 m.kr. Í desember 2010 samþykkti stjórn sjóðsins síðan nýjar lánareglur samhliða nýrri fjárfestingarstefnu og hækkaði jafnframt hámarkslán í 35 m.kr. Sjóðurinn telur að sjóðfélagalánin séu mjög góður eignaflokkur og skili góðri ávöxtun og mánaðarlegu sjóðflæði sem hentar vel fyrir lífeyrissjóð með mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur. Vanskil hafa verið óveruleg í gegnum tíðina og í lok ársins voru ógreiddir gjalddagar 30 daga og eldri aðeins 0,5% af heildarfjárhæð útistandandi lána. Á sama tíma voru lán í frystingu 2,8% en í apríl var sambærileg tala 5,7%.

Úrræði fyrir sjóðfélaga í greiðsluferfiðleikum

Almenni lífeyrissjóðurinn býður eftirfarandi úrræði fyrir sjóðfélaga sem hafa fengið lán hjá sjóðnum og eru í greiðsluferfiðleikum.

Hefðbundin úrræði.

- **Lenging lántíma.** Lántakendum með lán til skemmri tíma en 40 ára býðst að lengja lántímann í allt að 40 ár og lækka þannig greiðslubyrðina.
- **Fjölgun gjalddaga.** Fyrir þá sem eru með afborganir sjaldnar en á eins mánaða fresti getur verið ráðlegt að breyta í mánaðarlegar afborganir.
- **Láni með jöfnum afborgunum breytt í jafngreiðslulán.** Lán með jöfnum afborgunum eru með nokkuð þyngri afborganir en svokölluð jafngreiðslulán framan af lántímanum og getur því verið aðstoð í því að breyta skilmálum skuldabréfa yfir í jafnar greiðslur (annuitet).
- **Skuldbreyting.** Ef um veruleg vanskil er að ræða og ólíklegt að önnur úrræði leysi greiðsluvandann er hægt að óska eftir að vanskil leggist við höfuðstól lánsins og bættist við þær afborganir sem eftir eru af láninu.
- **Frysting lána.** Ef um verulega en tímabundna greiðsluferfiðleika er að ræða og ólíklegt að önnur hefðbundin úrræði leysi greiðsluvanda skuldara getur hann óskað eftir frystingu, þ.e. að greiðslum sé frestað tímabundið. Að frystingu lokinni verði greiðslum á frystingartímabilinu bætt við höfuðstól lánsins og dreift á lántímann sem eftir er.

Sérstök úrræði, samkvæmt lögum nr. 107/2009.

- **Greiðslujöfnun.** Sjóðfélagar geta nýtt sér greiðslujöfnun til að léttu greiðslubyrði fasteignaveðlána. Greiðslujöfnun felst í því að greiðslujöfnunarvísitala er borin saman við vísitölu neysliverðs. Ef afborganir samkvæmt greiðslujöfnunarvísitölu reynast lægri en afborganir samkvæmt vísitölu neysliverðs er þeim hluta af afborgunum lánsins, sem nemur mismuninum, frestað þar til greiðslujöfnunarvísitalan hækkar á ný umfram vísitölu neysliverðs. Sá hluti afborgana, sem frestast er færður á jöfnunarreikning, sem bættist við höfuðstól lánsins og lántaki greiðir síðar á lántímanum með vöxtum og verðbótum.
- **Sértæk skuldaaðlögun.** Skuldaaðlögun felur í sér að lánveitendur og lántaki gera með sér samkomulag um að aðlaga skuldir og eignir viðkomandi að greiðslugetu lántaka, að því gefnu að viðkomandi hafi ákveðna lágmarks greiðslugetu. Úrræðið getur falið í sér eftirgjöf skulda til samræmis við greiðslugetu. Standi lántaki við samkomulagið yfir samningstíma geta skuldir vegna húsnæðis og bifreiða verið færðar niður í allt að 100% af markaðsverði og eftirstöðvar annarra skulda felldar niður.


Aðlögun skulda í 110%

Almenni lífeyrissjóðurinn er aðili að samkomulagi stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða um aðgerðir í þágu yfirveðsettra heimila sem skrifað var undir í desember 2010. Samkvæmt samkomulaginu býðst sjóðfélögum, sem skulda sjóðnum og eru með áhvílandi veðskuldir umfram 110% af verðmæti fasteignar, að færa veðskuldir sínar niður að 110% af verðmæti eigna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Önnur helstu atriði samkomulagsins eru þessi:


- Sjóðfélagar með veðskuldir umfram 110% af verðmæti fasteignar geta óskað eftir niðurfellingu um allt að 4 m.kr. fyrir einstaklinga og 7 m.kr. fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón. Tekið verður tillit til annarra aðfararhæfra eigna. Ef veðrými er á þeim eignum, lækkar niðurfærsla veðskulda sem því nemur. Lækkun skulda takmarkast við að greiðslubyrði umsækjanda af lánum verði ekki lægri en sem svarar 18% af brúttótekjum eftir beitingu úrræðisins.
- Sjóðfélagar sem eru með veðsetningu umfram 110% af verðmæti fasteignar, þrátt fyrir lækkun veðskulda um 4 eða 7 m. kr., geta óskað eftir frekari niðurfellingu. Niðurfellingin getur í heild numið allt að 15 m.kr. fyrir einstaklinga og 30 m.kr. fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón. Lækkun skulda takmarkast við að greiðslubyrði umsækjanda af lánum verði ekki lægri en sem svarar 18% af brúttótekjum eftir beitingu úrræðisins.
- Sjóðfélagar sem sækja um frekari niðurfellingu skulda (umfram 4 m.kr. fyrir einstaklinga og 7 m.kr. fyrir einstæða foreldra, sambýlisfólk og hjón) þurfa að skila inn greiðslumati.
- Það er skilyrði niðurfellingar skulda að sjóðfélagi og/eða maki hans séu eigendur hinna veðsettu eigna og greiðendur áhvílandi lána og að eignin sé ætluð til heimilishalds umsækjanda.
- Skuldir sem færa má niður eru skuldir sem stofnað var til vegna fasteignakaupa umsækjanda á árunum fyrir 2009 og hvíla með veði á eign sem er ætluð til heimilishalds lántaka og uppfylla rétt til vaxtabóta.
- Sjóðfélagar skulu snúa sér til þess lánveitanda íbúðaláns sem er á aftasta veðrétti.
- Sækja þarf um niðurfellingu skulda fyrir 1. júlí 2011. Nánari upplýsingar um samkomulagið má finna inn á vef Almenna lífeyrissjóðsins, www.almenni.is.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur þegar lækkað verðmat sjóðfélagalána með varúðarniðurfærslum. Því er ekki búist við að gengi ávöxtunarleiða breytist frekar vegna þessara aðgerða. Flest lán sjóðsins eru innan fyrrnefndra marka og því er ekki búist við að áhrif aðgerðanna verði mikil.



Tímabundin opnun séreignarsparnaðar

Í mars 2009 samþykkti Alþingi breytingar á lífeyrissjóðalögnum sem heimiluðu einstaklingum yngri en 60 ára tímabundið að taka út 1 milljón af séreignarsparnaði. Alþingi hefur síðan tvívegis framlengt heimildina og hækkað hámarksfjárhæðina, nú síðast í 5 milljónir í desember 2010.



Árið 2010 greiddi Almenni lífeyrissjóðurinn samtals 1,8 milljarð úr séreignarsjóði samkvæmt tímabundinni heimild til úttektar séreignarsparnaðar til 3.800 sjóðfélaga eða 148 milljónir á mánuði. Að meðaltali var greitt til 1.430 sjóðfélaga á mánuði. Mun fleiri nýttu sér heimildina í upphafi og mestur var fjöldinn í júní 2009 en þá fengu 3.097 útborgun. Árið 2010 fækkaði verulega í hópnum og í desember var fjöldinn kominn í 1.190 sjóðfélaga.

Árið 2009 voru greiddir 2,4 milljarðar til 5.200 sjóðfélaga. Samtals fengu 6.500 sjóðfélagar 4,2 milljarða árin 2009 og 2010 samkvæmt heimild um tímabundna úttekt séreignarsparnaðar.

Vefsíða og þjónusta við sjóðfélaga

Á vefsíðu Almenna lífeyrissjóðsins, www.almenni.is, geta sjóðfélagar fylgst með fréttum frá sjóðnum og lesið um starfsemi hans og þjónustu við sjóðfélaga. Markmiðið með heimasíðunni er að sjóðfélagar geti leitað þangað eftir þjónustu og upplýsingum. Þar geta sjóðfélagar m.a. sótt umsóknir um lán og lífeyri, sent fyrirspurnir til ráðgjafa eða óskað eftir að ráðgjafi hafi samband og veiti ráðgjöf um lífeyrismál. Almenni lífeyrissjóðurinn reiknar gengi ávöxtunarleiða og birtir daglega á heimasíðu sjóðsins. Mánaðarlega eru birtar fréttir um ávöxtun sjóðsins og helstu eignaflokka.

Á árinu 2010 voru gerðar verulegar breytingar á heimasíðu sjóðsins.

Sjóðfélagavefur

Almenni lífeyrissjóðurinn opnaði nýjan sjóðfélagavef í febrúar. Á honum er hægt að fylgjast með inneign í séreignarsjóði og réttindum í samtryggingarsjóði. Sjóðfélagar sem hafa ekki fengið sent lykilorð geta haft samband við skrifstofu sjóðsins. Markmið Almenna með sjóðfélagavefnum er að auka aðgengi sjóðfélaga að upplýsingum um inneign og réttindi til þess að þeir geti betur fylgst með og metið stöðu sína. Við hvetjum sjóðfélaga sem vilja fá leiðbeiningar að hafa samband eða koma á skrifstofu sjóðsins.

Launagreiðendavefur

Almenni lífeyrissjóðurinn opnaði í júní launagreiðendavef þar sem hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar um iðgjaldaskil til sjóðsins. Markmiðið með launagreiðendavefnum er að auðvelda launagreiðendum að greiða í sjóðinn og auka aðgengi þeirra að upplýsingum um greiddar skilgreinar. Sækja þarf um aðgang að vefnum á þar til gerðum eyðublöðum hjá sjóðnum.

Ný forsíða

Í júlí fór í loftið ný forsíða með betra aðgengi að upplýsingum um lífeyrisréttindi og þjónustu sjóðsins.

Upplýsingablöð

Á árinu hóf sjóðurinn að birta mánaðarlega upplýsingablöð fyrir hverja ávöxtunarleif með ítarlegum upplýsingum um þær, m.a. um ávöxtun og eignasamsetningu.

Reiknivélar uppfærðar

Á árinu er búið að yfirfara og endurhanna reiknivélar til að reikna dæmi um lífeyrisparnað, óskalfeyri, útborgun séreignarsjóðs og um greiðslubyrði lána.



Í janúar 2011 opnaði Almenni lífeyrissjóðurinn sérstakan **fræðsluvef** fyrir sjóðfélaga á heimasíðunni. Á fræðsluvefnum er að finna stuttar greinar um eftirlaunasparnað með almennum ráðleggingum um eftirlaunasparnað, ávöxtun og um langtímalán til sjóðfélaga. Tilgangurinn með fræðsluvefnum er að efla ráðgjöf og þjónustu við sjóðfélaga. Greinarnar endurspeglar markmið og gildi Almenna lífeyrissjóðsins um faglega ráðgjöf um lífeyrismál og að veita sjóðfélögum góðar upplýsingar. Stefnt er að því að birta a.m.k. eina fræðslugrein í mánuði.

Sérfundir fyrir sjóðfélaga

Almenni lífeyrissjóðurinn hóf í janúar 2011 að bjóða **sérfundir** fyrir sjóðfélaga sem vilja upplýsingar og ráðgjöf.

- Á **stöðufundi** er farið yfir réttindi í samtryggingarsjóði og bent á leiðir til að bæta við eftirlaunin og verjast fjárhagslegum áföllum vegna örorku eða fráfalls. Sjóðfélagar fá ítarlegar upplýsingar um áunnin réttindi, hvert stefnir miðað við óbreyttar forsendur og ábendingar um aðgerðir til að bæta stöðuna.
- Á **upplýsingafundum** er farið yfir inneign sjóðfélaga í séreignarsjóði, eignir og áhættu ávöxtunarleiða. Sjóðfélagar fá ítarlegar upplýsingar um inneign sína og ávöxtunarleiðir sjóðsins.

Á árinu stefnir sjóðurinn að því að hafa samband við virka sjóðfélaga og bjóða þeim til fundar. Stefnt er að því að senda boðsbref til virkra sjóðfélaga og fylgja því eftir með símtali. Þeir sem vilja fá upplýsingar fyrr geta bókað sér fundi á vefsíðu sjóðsins. Óvirkir sjóðfélagar (greiða ekki í sjóðinn en eiga inneign eða réttindi) geta líka bókað sér fundi. Við viljum endilega hitta sem flesta sjóðfélaga og veita góða þjónustu.

Rabbfundir fyrir sjóðfélaga

Í júní 2009 hóf Almenni lífeyrissjóðurinn að auglýsa rabbfundir fyrir sjóðfélaga í húsnæði sjóðsins. Á rabbfundunum geta sjóðfélagar hitt stjórn og starfsmenn og spurt spurninga eða rætt um málefni sjóðsins. Með fundunum vill sjóðurinn auka gegnsæi, efla umræður og bjóða sjóðfélögum að koma á framfæri ábendingum eða hugmyndum.

Í nóvember efndi Almenni lífeyrissjóðurinn einnig til sérstaks fundar fyrir lífeyrisþega og sjóðfélaga sem eru farnir að huga að töku lífeyris. Á fundinum kynntu ráðgjafar sjóðsins þjónustu við lífeyrisþega og nýjan sjóðfélagavef. Gestur fundarins var Janus Guðlaugsson, M.Ed. íþróttifræðingur, doktorsnemi og aðjúnkt við HÍ, og flutti hann erindi um áhrif markvissrar þjálfunar á heilsu og afkastagetu eldri einstaklinga.

Í töflunni er yfirlit um rabbfundir sem sjóðurinn hefur haldið á árunum 2010 og 2011.

2010		2011	
Janúar	Ávöxtun 2009	Janúar	Ávöxtun 2010 og horfur 2011
Febrúar	Upplýsingar til sjóðfélaga	Febrúar	Þaukaðu ef þú getur
Mars	Ávöxtunarleiðir, staða og horfur	Mars	Við ráðum þér heilt
Mái	Hvenær get ég hætt að vinna?	Apríl	Lykill að góðri framtíð
September	Eignir og ávöxtun		
Október	Um mótun fjárfestingarstefnu 2011		
Nóvember	Áfallalífeyrir		
Desember	Skattar og lífeyrir		

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins staðfesta ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. mars 2011

Stjórn:

Páll H. Pálsson
Lárus Guðjónsson
Óddur Ingebrigtsen
Vilhjálmur Haraldsson
Ólafur T. Arnarson
Ólafur Guðmundsson
Ólafur Guðmundsson

Framkvæmdastjóri:

Guðrún S. Halldóttir

Ársreikningur Almenna lífeyrissjóðsins 2009

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Almenna lífeyrissjóðsins.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 55.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðferða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. mars 2011
Grant Thornton endurskoðun ehf.



Davíð Arnar Einarsson

löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2010

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2010	2009
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		2.821.139	2.956.689
Iðgjöld launagreiðenda		4.563.568	4.635.968
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(678.832)	(448.602)
	7,26	<u>6.705.875</u>	<u>7.144.055</u>
Lífeyrir:			
Lífeyrir	10,27	<u>3.766.894</u>	<u>5.345.205</u>
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	8	(350.504)	(132.957)
Vaxtatekjur og gengismunur	9,28	6.778.359	9.033.359
Niðurfærsla verðbréfa.....	22	(1.718.575)	(2.657.284)
		<u>4.709.280</u>	<u>6.243.118</u>
Fjárfestingargjöld:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11,29-31	149.319	111.906
Vaxtagjöld		1.461	2.520
		<u>150.780</u>	<u>114.426</u>
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	11,29-31	<u>223.978</u>	<u>167.859</u>
Hækkun (lækkun) á hreinni eign		7.273.502	7.759.682
Hrein eign frá fyrra ári		<u>91.419.876</u>	<u>83.660.194</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	41	<u>98.693.379</u>	<u>91.419.876</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2010	2009
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	32	38.289.506	40.702.182
Verðbréf með föstum tekjum	22,36	35.460.215	27.452.285
Veðskuldabréf	37	13.325.261	14.105.710
Bundnar bankainnstæður		13.563.067	10.085.660
Aðrar fjárfestingar.....		26.161	38.129
	12	<u>100.664.210</u>	<u>92.383.966</u>
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		388.981	328.534
Ýmsar kröfur		139.481	63.879
		<u>528.462</u>	<u>392.413</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	39	21.579	63.134
Sjóður og veltiinnlán		4.978.420	4.904.383
		<u>4.999.999</u>	<u>4.967.517</u>
	Eignir samtals	<u>106.192.672</u>	<u>97.743.897</u>
Skuldir:			
Ýmsar skuldir	6	7.499.292	6.324.021
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>98.693.379</u>	<u>91.419.876</u>
Greining á hreinni eign deilda:			
Séreignarsjóður	42	55.324.274	51.722.835
Samtryggingarsjóður	49	43.369.105	39.697.041
Hrein eign til greiðslu lífeyris	41	<u>98.693.379</u>	<u>91.419.876</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2010

Fjárhæðir í þúsundum króna	Skýr.	2010	2009
Inngreiðslur:			
Iðgjöld		6.705.875	7.144.055
Fjárfestingartekjur		2.727.012	2.713.339
Afborganir verðbréfa		1.805.192	1.069.025
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		10.068.463	9.438.774
Seld verðbréf með föstum tekjum		10.060.183	2.271.795
Bundnar bankainnstæður		430.000	90.000
Aðrar inngreiðslur		23.464	1.477.515
		<u>31.820.189</u>	<u>24.204.503</u>
Útgreiðslur:			
Lífeyrir		3.766.894	5.345.205
Fjárfestingargjöld		114.406	165.683
Rekstrarkostnaður		345.100	235.274
Rekstrarfjármunir		0	75.638
Aðrar útgreiðslur		260.763	128.329
		<u>4.487.162</u>	<u>5.950.128</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum		<u>27.333.027</u>	<u>18.254.375</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting:			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		6.707.711	3.469.933
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		17.451.278	8.913.407
Innlán		0	0
Bundnar bankainnstæður		3.100.000	4.939.000
		<u>27.258.990</u>	<u>17.322.340</u>
Hækkun á sjóði og veltiinnlánum		74.037	932.035
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>4.904.383</u>	<u>3.972.348</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u>4.978.420</u>	<u>4.904.383</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Almenní lífeyrissjóðurinn er með aðsetur í Borgartúni 25, Reykjavík. Sjóðurinn er öllum opinn, en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að verðbréf, önnur en veðlán, eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Sjóðurinn skiptist í tvo sjóði, samtryggingarsjóð og séreignarsjóð. Eignir samtryggingarsjóðs eru ávaxtaðar í einu verðbréfasafni en séreignarsjóður skiptist í sjö ávöxtunarleiðir með mismunandi fjárfestingarstefnum. Í skýringum 42 - 48 er að finna yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og kennitölur og fleira er varðar ævisöfn séreignarsjóðs. Í skýringum 49 - 55 er að finna sambærilegar upplýsingar um samtryggingarsjóð.

Almenní lífeyrissjóðurinn metur markaðsskuldabréf á markaðsverði þrátt fyrir að í reglum lífeyrissjóða sé gert ráð fyrir að þau séu metin m.v. ávöxtunarkröfu við kaup. Ástæðan er sú að meiri hluti eigna sjóðsins eru í séreignarsjóði þar sem sjóðfélagar geta samkvæmt beiðni skipt um ávöxtunarleiðir hvenær sem er. Eignir séreignarsjóðs verður að meta á markaðsverði því annars gætu sjóðfélagar fært inneign sína milli leiða á kostnað annarra sjóðfélaga. Sjóðurinn metur skuldabréf samtryggingarsjóðs einnig á markaðsverði til að hafa samræmt eignamat í sjóðnum.

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringum 22 - 24.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. Afleiðusamningar

Á liðnum árum hefur sjóðurinn gert framvirka vaxta- og afleiðusamninga til að draga úr gengis- og vaxtaáhættu. Sjóðurinn hefur ekki gert neina afleiðusamninga eftir að viðskiptabankarnir féllu í október 2008. Afleiðusamningar sem voru í gildi við fall bankanna eru óuppgerðir, sjá skýringu 23.

7. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem borist hafa sjóðnum. Ógreidd iðgjöld samtryggingarsjóðs í árslok, sem hafa verið tilkynnt, eru eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi.

Skýringar frh.:

8. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

9. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjum og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina og breyting á markaðsverði afleiðusamninga.

10. Lífeyrir

Undir lífeyri falla lífeyrisgreiðslur sjóðsins, það er ellilífeyrir, makalífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir.

11. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

12. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.

Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en óskráð bréf á áætluðu markaðsverði. Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Áhættustýring

13. Greining áhættuþátta og áhættustýring

Í daglegri starfsemi lífeyrissjóðsins eru margir þættir sem geta haft áhrif á rekstur hans. Það er stefna stjórnar sjóðsins að fylgst skuli með og reynt að draga úr áhættu sem getur haft neikvæð áhrif á afkomu og hreina eign til greiðslu lífeyris. Stjórnendur sjóðsins hafa greint helstu áhættuþætti og í framhaldi skipulagt og innleitt eftirlits- og viðbragðsaðgerðir til að fylgjast með þeim og draga úr áhættu.

Rekstrarstjóri lífeyrissjóðsins hefur umsjón með framkvæmd og skipulagningu í stýringu rekstraráhættu og innra eftirlits samkvæmt skipulagi sjóðsins.

Sjóðstjórar lífeyrissjóðsins hafa umsjón með framkvæmd og skipulagningu eignatengdri áhættustýringu samkvæmt skipulagi sjóðsins og fjárfestingarstefnu. Í stefnunni er sérstakur kafli um áhættustýringuna og eftirlitsaðgerðir.

Stjórn lífeyrissjóðsins fylgist með áhættustýringunni og ber ábyrgð á henni gagnvart sjóðfélögum. Innri endurskoðandi sjóðsins fylgist með starfsemi til að tryggja að stefnu stjórnar sé framfylgt. Til að tryggja enn frekar eftirlit með áhættuþáttum í starfsemi sjóðsins hefur stjórn sjóðsins skipað endurskoðunarnefnd í samræmi við lög. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings og eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðanda og áhættustýringu.

Fjallað er um helstu áhættuþætti hér á eftir en þeir eru rekstraráhætta, mótaðilaáhætta, lausafjáraáhætta, markaðsáhætta og frávikaáhætta (hættan á því að eignir ávöxtunarleidar fari út fyrir heimildir laga og fjárfestingarstefnu).

14. Eftirlit og stýring rekstraráhættu

Við daglegan rekstur lífeyrissjóðsins eru margvíslegir áhættuþættir sem geta haft áhrif á starfsemi hans. Til að draga úr slíkri rekstraráhættu er unnið eftir verkferlum, vinnureglum og starfslýsingum og eftirlit haft með að þeim sé fylgt, ásamt öðrum reglum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur sett sér ítarlegar samskipta- og starfsreglur og starfsmenn hafa sett sér siðareglur.

Skýringar frh.:

Innri endurskoðandi sjóðsins fylgist með og gerir úttekt á innra eftirliti sjóðsins auk þess sem endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni eftirlitsins. Í skýrslu innri endurskoðanda er staðfest að sjóðurinn starfar eftir þeim lögum, reglugerðum og samþykktum sem um hann gilda.

15. Eftirlit og stýring mótaðilaáhættu

Mótaðilaáhætta er hætta á að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem inni á af hendi greiðslu. Til að draga úr mótaðilaáhættu hefur Almenni lífeyrissjóðurinn sett hámark á vægi hvers útgefanda. Einnig hefur sjóðurinn skilgreint viðmiðanir sem sjóðstjórar hafa til hliðsjónar við val á verðbréfum til að draga úr tapsáhættu eins og hægt er. Jafnframt setur sjóðurinn þau skilyrði að hafa aðgang að árs- og milliuppgjörum útgefanda skuldabréfa til greiningar með tilliti til skilgreindra viðmiðana. Fundað er með skuldara einu sinni til tvisvar á ári til að fá upplýsingar um rekstur og efnahag ef talin er þörf á.

16. Eftirlit og stýring lausafjárahættu

Lausafjárahætta er hætta á tapi ef lífeyrissjóðurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lífeyrissjóðurinn fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga skuldabréfa til að geta staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma. Í eðli sínu eru séreignarsjóðir kvikari en samtryggingarsjóðir og lausafjárahættan því meiri. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur skilgreint að æskilegt hlutfall auðseljanlegra eigna í ávöxtunarleiðum séreignarsjóðs skuli vera um 75% og samtryggingarsjóðs um 30%.

17. Eftirlit og stýring markaðsáhættu

Markaðsáhætta er hætta á sveiflum í ávöxtun vegna breytinga á markaðsvirði eigna. Sjóðurinn hefur eftirlit með fjórum þáttum markaðsáhættu; markaðsverðsáhættu, vaxtaáhættu, verðbólguáhættu og gjaldmiðlaáhættu. Mánaðarlega er lagt mat á þróun ofangreindra þátta en markaðsáhættu er fyrst og fremst stýrt með takmörkunum í fjárfestingarstefnu.

18. Markaðsverðsáhætta

Markaðsverðsáhætta er sú áhætta sem fólgin er í verðbreytingum verðbréfa á markaði. Sjóðurinn leggur mat á þessa áhættu með útreikningi á kennitölunum virði í húfi (VaR) og Sharpe hlutfalli auk þess sem fylgnisekkja safna er reiknuð.

19. Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi eignir sjóðsins og skuldbindingar hafa mismunandi binditíma og því getur myndast bil milli eigna og skuldbindinga við vaxtabreytingar. Skuldbindingar samtryggingarsjóðs gagnvart sjóðfélögum eru verðtryggðar og núvirtar miðað við fasta vexti. Vaxtaberandi eignir sjóðsins geta verið með föstum eða breytilegum vöxtum, verðtryggðar, óverðtryggðar eða gengistryggðar. Stefnt er að því að halda sem bestu jafnvægi milli vaxtaberandi eigna og skuldbindinga. Sjóðurinn hefur því lagt áherslu á að fjárfesta í löngum verðtryggðum skuldabréfum.

20. Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú áhætta sem fólgin er í ólíku hlutfalli verðtryggðra eigna og verðtryggðra skuldbindinga. Skuldbindingar samtryggingarsjóðs eru að fullu verðtryggðar en vegna takmarkaðs framboðs verðtryggðra fjárfestingakosta og eignastýringarsjónarmiða er aðeins hluti eigna verðtryggður. Þar sem innlend verðbólga helst að nokkru leyti í hendur við þróun íslensku krónunnar gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptaríkja má líta á erlendar eignir sjóðsins sem ákveðna vörn í þessu samhengi.

21. Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum einkum gagnvart íslensku krónunni. Lífeyrissjóðurinn fylgist með gjaldeyrissáhættu í samhengi við heildarskuldbindingar sjóðsins og gætir þess að vera innan takmarkana samkvæmt lögum.

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði mega gengistryggðar eignir sjóðsins að hámarki nema 50% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Fjárfestingarstefna sjóðsins miðast við að gengistryggðar eignir sjóðsins fari ekki yfir 50% í Ævisafni I, 50% í Ævisafni II, 20% í Ævisafni III og 40% í samtryggingarsjóði. Skuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum og því hefur sjóðurinn haft þá stefnu að draga úr gjaldeyrissáhættu sinni til að takmarka þær sveiflur sem óhjákvæmilega verða í ávöxtun sjóðsins vegna sveiflna á gengi erlendra gjald-

Skýringar frh.:

miðla gagnvart íslensku krónunni. Vegna gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki varið sig gegn sveiflum á gengi erlendra gjaldmiðla.

Til að ná meiri dreifingu í verðbréfasafni og draga þannig úr mótaðilaáhættu og samþjöppunaráhættu vegna takmarkaðs framboðs af innlendum verðbréfum hefur sjóðurinn fjárfest í erlendum verðbréfum. Til að draga úr áhættu vegna flökts á gengi gjaldmiðla voru gerðir gjaldmiðlavarnarsamningar við Glitni banka hf. Við fall bankans í byrjun október 2008 fóru þessir samningar í uppnám og enn er óljóst með hvaða hætti þeir verða gerðir upp. Sjóðurinn hefur því ekki getað varið sig gagnvart breytingum á erlendum gjaldmiðlum gagnvart íslensku krónunni með sama hætti og áður. Sjá nánar um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga í skýrslu stjórnar.

Skipting erlendra eigna á helstu myntir og samanburður við síðasta ár.

31.12.2010	ÆI	ÆII	ÆIII	TD
Bandaríkjadollar	42%	41%	38%	40%
Japanskt jen	8%	8%	7%	8%
Sterlingspund	8%	7%	7%	7%
Svissneskur franki	2%	2%	2%	2%
Evra	23%	23%	27%	24%
Aðrar myntir	18%	18%	19%	18%

31.12.2009	ÆI	ÆII	ÆIII	TD
Bandaríkjadollar	40%	40%	36%	40%
Japanskt jen	8%	8%	7%	8%
Sterlingspund	9%	9%	8%	9%
Svissneskur franki	3%	3%	3%	3%
Evra	25%	25%	30%	25%
Aðrar myntir	15%	15%	16%	15%

Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

22. Eignamat og niðurfærsla verðbréfa

Í daglegu gengisuppgjöri lífeyrissjóðsins er farið yfir allar eignir sjóðsins og þær metnar.

Skráð verðbréf eru eignfærð á markaðsverði en óskráð verðbréf á áætluðu markaðsverði. Veðskuldabréf eru eignfærð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup.

Áður en ákvörðun er tekin um breytingar á eignamati verðbréfa þarf að meta hvort hlutlæg gögn gefa til kynna vísbendingar um breytt eignaverð og endurheimtur skuldabréfa.

Eftir efnahagshrunið á Íslandi árið 2008 hafa margir útgefendur skráðra skuldabréfaflokka óskað eftir frestun á greiðslu afborgana og vaxta, nokkrir hafa óskað eftir greiðslustöðvun, farið í nauðasamninga eða verið teknir til gjaldprotaskipta. Vegna þessa og vegna varúðarniðurfærslu á sjóðfélagalánum lífeyrissjóðsins voru innlend skuldabréf sjóðsins færð niður um 1,7 milljarða króna á árinu 2010. Í skýrslu stjórnar er fjallað nánar um afskriftir og mat á endurheimtum skuldabréfa.

Í mars 2011 komu fram upplýsingar í viðræðum um fjárhagslega endurskipulagningu N1 sem leiddu til þess að sjóðurinn lækkaði endurmatssuðul félagsins frá áramótauppgjöri. Viðræðum um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins er ekki lokið og metur sjóðurinn félagið út frá líklegri niðurstöðu þeirra viðræðna.

Almenni lífeyrissjóðurinn á eign í tveimur millilagssjóðum (mezzanine) Intermediate Capital Group (ICG). Bókfærð eign í ICG sjóðunum þann 31.12.2010 eru 1.706 milljónir. Millilagslán til fyrirtækja liggja á milli hefðbundinna skuldabréfa og hlutabréfa. ICG er stærsti óháði lánveitandi millilagsfjármögnunar í Evrópu. Almenni lífeyrissjóðurinn var, ásamt fleiri fjárfestum, meðfjárfestir með Glitni banka hf. samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var við bankann og ICG var upplýst um. Þegar Glitnir féll í október 2008

Skýringar frh.:

óskaði lífeyrissjóðurinn eftir því að færa hlut sinn yfir á sitt nafn. ICG samþykkti þá beiðni en skilanevnd/slitastjórn Glitnis hafnaði því. Slitastjórn Glitnis hefur einnig hafnað sértökukröfu sem Almenni lífeyrissjóðurinn gerði í þrotabú Glitnis og hefur málinu verið vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur ekki séð ástæðu til að endurmeta þessar eignir þar sem eignarréttindin eru skýr að mati stjórnenda sjóðsins. Þó ber að vekja athygli á því að tapist þetta mál fyrir dómi gæti farið svo að sjóðurinn þyrfti að meta eignirnar eins og aðrar almennar kröfur í þrotabú Glitnis.

23. Afleiðusamningar og vaxtagjöld

Sjóðurinn var með afleiðusamninga við Glitni banka hf. Við fall bankans brustu forsendur fyrir þessum samningum. Á þeim tíma voru samningarnir í neikvæðri stöðu fyrir sjóðinn, þ.e. sjóðurinn var í skuld við bankann. Afleiðusamningarnir eru enn óuppgerðir og ágreiningur er við skilanevnd Glitnis um uppgjör þeirra. Lífeyrissjóðurinn hefur ásamt öðrum lífeyrissjóðum lýst yfir vilja til að semja um uppgjör samninganna en viðræður um uppgjör hafa ekki skilað árangri.

Almenni lífeyrissjóðurinn hefur metið samningana miðað við verstu mögulegu niðurstöðu og gjaldfært tap af þeim ásamt dráttarvöxtum. Sjá nánar í skýrslu stjórnar.

